

Því dæmist rétt vera:

Stefndi bæjarsjóður Hafnarfjarðar á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður, að því er hann varðar, að falla niður.

Stefndu Sigurvin Snæbjörnsson Sigurbjörn Ágústsson og Sigursteinn Jónsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Bjarna Jónssyni, kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. maí 1967.

Nr. 59/1967. **Guðrún Runólfsson Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar og vegna sjálftrar sín og ófjárráða barna sinna, Ingibjargar og Ásdísar Jónsdætra**
 og
Guðjón Jónsson
 gegn
Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa með kæru, dags. 22. marz 1967, er hingað barst 17. apríl s. á., skotið til Hæstaréttar frávisunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 9. marz 1967. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Ef héraðsdómur verður staðfestur, krefst umboðsmaður sóknaraðilja hækkunar á gjafsóknarlaunum sínum í héraði. Þá krefst umboðsmaðurinn gjafsóknarlauna úr ríkissjóði í kærumáli þessu.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Málatilbúnaði sóknaraðilja hefur verið ábótavant í héraði, enda þótt af hendi varnaraðilja hafi gætt mikillar tregðu um öflun gagna. Hefur héraðsdómari af þessum sökum vísað málinu frá dómi. Eigi þykir rétt að gripa fram fyrir hendur héraðsdómara, enda er sóknaraðiljum sú leið fær að bæta úr þeim göllum, sem er á gagnaöflun, að því leyti sem þess er nú kostur, og stefna málinu af nýju fyrir héraðsdóm. Samkvæmt þessu ber að staðfesta frávísunarákvæði héraðsdómsins.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja í héraði ákveðast kr. 75.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Eigi er heimild til að dæma umboðsmanni sóknaraðilja hér fyrir dómi gjafsóknarlaun í kærumáli þessu.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um frávísun er staðfest.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja í héraði, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. marz 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 30. marz 1960, af Jóni Guðjónssyni rafvirkjameistara, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, gegn Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 500.000.00 með 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1952 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest 5. apríl 1960.

Skipaður talsmaður stefnanda, sem hefur gjafsókn í málinu, lagði fram við þingfestingu málsins stefnu, tvö vottorð Úlfars Þórðarsonar, heimilislæknis stefnanda, aðiljaskýrslu stefnanda, greinargerð og gjafsóknarbréf stefnanda til handa.

Um málavexti segir svo í stefnunni:

„Tildrög málsins eru þau, að hinn 28. febr. 1952 varð ég fyrir gassprengingu við skyldustörf mín á Elliheimilinu, en þar hafði ég þá verið meira og minna fastur starfsmaður (rafvirkjavinna o.

fl.) undanfarin ár. Missti ég meðvitund við slysið og lá lengi á eftir, enda telja læknar, að ég hafi hlotið alvarlegan heilahristing með blæðingu inn á heilann. Hef ég síðan ekki náð heilsu að talizt geti né á heilum mér tekið sökum svima, höfuðverks og dofa í hægri útlimum með skynjunartruflunum. Neyddist ég tvisvar til að fara til útlanda í lækniserindum, en án nokkurs verulegs árangurs, og telja læknar vafasamt, að um frekari bata verði nokkru sinni að ræða. Hefur líðan mín og starfsgeta verið að mestu óbreytt undanfarið og örorka mín nú metin 50 prósent. Ekki hefur fyrirtækið fengizt til að taka upp viðræður um bótagreiðslur í sambandi við slys þetta, enda þótt greiðsluskylda hljóti að vera með öllu ótvíræð. Nokkur dráttur hefur hins vegar orðið á því að leita fulltingis dómstóla, þar sem ég hef viljað sjá til hlítar, hvernig heilsufari mínu reiddi af og hvort um nokkurn frekari bata kynni að verða að ræða. Að sjálfsögðu hef ég haft óhemjulegan tilkostnað vegna utanferða og heilsubótartilrauna auk atvinnu- og tekjumissis undanfarin ár, og þar við bætist síðan 50% varanleg örorka. Verður gerð nánari grein fyrir kröfum þessum og sundurliðun þeirra undir rekstri málsins, og er jafnframt áskilinn réttur til að hækka stefnukröfuna síðar með framhaldsstefnu eða á annan hátt.“

Aðiljaskýrsla Jóns Guðjónssonar er ódagsett. Við hinn munnlega málflutning sagði lögmaður stefnanda, að Jón Guðjónsson hefði undirritað skýrsluna í ágústmánuði 1959. Skýrslan er svohljóðandi:

„Ég er fæddur 7. júní 1921 og er rafvirki (rafvirkjameistari) að atvinnu. Hinn 29. sept. 1950 tók ég til starfa hjá Elliheimilinu Grund. Áður var ég búinn að vinna að meira eða minna leyti í þrjú ár, en þá sem starfandi hjá Raftækjavinnustofu Lúðvíks Guðmundssonar, sem annaðist allar viðgerðir og viðhald á rafmagnsáhöldum. En í september 1950 ákvað forstjóri Elliheimilisins Grundar að taka í sína þjónustu fastan rafvirkja, og þar sem Lúðvík Guðmundsson ætlaði að leggja niður verkstæði sitt, ákvað ég að taka boði forstjórans um að ganga í þjónustu Elliheimilisins Grundar, og skyldi vera þannig, að ég hefði millikaup á milli sveinakaups og útseldrar vinnu. Það skal tekið fram, að ég tilkynnti til Rafmagnsveitu Reykjavíkur það, sem unnið var, svo sem vera ber, og naut því Elliheimilið þar þess, að ég hafði löggildingu. Einnig skal það tekið fram, að menn þeir, sem ég hafði til hjálpar, hvort heldur voru rafvirkjar eða verkamenn, þá hafði ég engar prósentur af því. Einnig allt efni, sem keypt var

til raflagna og viðhalds og ég tók út á mitt nafn, hafði ég ekki eyri af. Verksvið mitt hjá Elliheimilinu var að halda við rafmagnslögnum og tækjum, einnig var ég við viðhald á vélum, þótt það hafi ekki tilheyrt mínu fagi, ef tími vannst til og með þurfti eða ég var um það beðinn.

Þar á meðal var olíukynding, sem hitaði upp gufuketil, sem aftur var notaður til starfrækslu við þvottahúsið. Það skal tekið fram, að vinnustaður minn var í sama plássi og áður nefndur ketill. Ketill þessi var fenginn hjá Vélsmiðjunni Steðja, og var hann uppgerður hjá þeim, en upphaflega mun hann hafa verið frá setuliðinu. Strax í byrjun komu fram örðugleikar með fyrrgreinda olíukyndingu, og var aðalgallinn sá, að loftvifta, sem færir súrefni inn á eldholið, var drifin af kílreim, sem stundum vildi slakna á eða slitna, og myndaðist þá köfnun í katlinum og þar með sprengingarhætta, þegar olían streymdi inn í heitt eldholið, enn fremur var fleiri frágangi ábótavant. Ég talaði um þetta við öryggiseftirlitið, en fékk það svar, að olíukyndingar væru ekki innan þeirra verksviðs. Einnig talaði ég við forstjóra Elliheimilisins oftár en einu sinni og sagði honum, að umbúnaður kyndingartækjanna væri ótryggur og lagði til, að skipt væri um kyndingu í katlinum, enda var vinnupláss mitt þarna inni og ég þess vegna ekki fullkomlega óhultur, ef eitthvað kynni út af að bera. Fékk ég ætíð það svar hjá forstjóranum, að þetta þyrfti að „athuga“, það skyldi verða „athugað“ o. s. frv., en síðan ekkert gert í því meir. Svo skeður það hinn 28. febrúar 1952, að ég er að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins og varð litið út um gluggann og sé þá, að mikinn reyk leggur upp úr reykháf þvottahússins, og varð þá ljóst, að ekki mundi vera allt með felldu með olíukyndinguna. Fór ég þá tafarlaust út og inn í ketilhúsið til þess að reyna að koma í veg fyrir frekara hættuástand eða tjón, og skipti það engum togum, að sprenging verður í eldholinu, um leið og ég kem inn, og reyndist hurð eldholsins sprungin frá og allur glugginn úr ketilhúsinu, en ég mun hafa skolið upp að vegg, enda missti ég meðvitund á samri stundu og rankaði ekki við mér fyrr en liggjandi á bekk uppi í Heilsugæzlu og hjúkrunarkona yfir mér. Hafði einn starfsmanna Elliheimilisins fundið mig liggjandi í yfirliði og hann þá kallað á hjúkrunarkonu og forstjóran. Lá ég á Heilsugæzlunni í þrjá sólarhringa og var ekki færður úr fötum, því mér þyngdi það mikið, og því næst var ég fluttur heim á Elliheimilið, þar sem ég lá í kjallaraherbergi innan um vistmenn og var þeim auðvitað til óþæginda, og var ég því feginn, er ég að

viku liðinni var loks fluttur heim til mín. Eftir að heim kom, lá ég nokkurn tíma, en þegar ég fór að haf fótavist, kom í ljós, að ég var hvergi nærri vinnufær vegna svima og vanlíðunar í höfði. Læknir Elliheimilisins, Alfreð Gíslason, sagði, að þetta mundi væntanlega lagast, er frá liði, og leyfði hann mér að byrja að vinna nokkra tíma á dag, og gerði ég það frá 1. apríl að telja.

Það skal tekið fram, að þennan tíma, sem ég var frá vinnu, fekk ég rafvirkja fyrir mig. Læknirinn var sífellt að reyna við mig nýjar og nýjar pillur, en þær virtust að litlu gagni koma, enda batinn óverulegur. Nú kom þar, að forstjóranum fannst afköst mín ekki nógu mikil, enda þótt ég reyndi að vinna eftir mætti. Hinn 23. ágúst um sumarið (1952) fór ég austur í Hveragerði til hvíldar á dvalarheimili Elliheimilisins þar, þótt ég ætti engan veginn heimangengt, þar sem kona mín beið nú eftir að ala þriðja barn okkar, en ég var þá farinn að fá svo óþolandi kvalir í höfuðið, og þessi köst voru alltaf að þéttast, og vildi ég umfram allt hlífa konu minni við að horfa á mig þannig. Meðan ég dvaldi fyrir austan, vann ég smávegis, og var um talað, að það kæmi upp í fæði þar. Þegar suður kom, leið mér betur um tíma, en síðan fór að sækja í sama horfið aftur, og bætti það ekki úr, að forstjóranum fannst afköst mín léleg, en aftur á móti var vonlítið fyrir mig að bjóða mig fram til vinnu annars staðar. Ég reyndi sem ég gat, enda var mikillar vinnu krafizt fyrir jólin og mjög slæmt að fá rafvirkja sér til hjálpar. Nú liður tíminn fram til vors í einni martröð, og voru kvalaköstin í höfðinu orðin óbærileg, og síðan bættist við, að ég var farinn að detta niður hvar sem var, og fór þetta sérlega illa með konu og börn, því þetta skeði eins heima sem heiman. Var hún nú farin að sætta sig við, að ég stæði ekki upp meira. Nú þegar hér var komið, er heimilið í ráða þrotum, óvissa og kvíði svipti mig og heimili mitt allri lífsgleði. Varð það þá úr, að ég fór til læknis míns, Úlfars Þórðarsonar, og lét hann skoða mig á ný. Sendi hann mig síðan til Kjartans Guðmundssonar, og eftir vikutíma er ég svo lagður inn á Militærhospitalið í Kaupmannahöfn, enda var þá hægri hönd og fótur orðinn svo til tilfinningalaus, og vantaði mikið á, að ég hefði fulla krafta í þeim né í líkamanum yfirleitt.

Eftir utanförina fór ég að vinna lítils háttar 7. sept. 1953, og var það í rauninni fyrr heldur en ég mátti eða gat, en rafvirkinn, sem fyrir mig var, gat ekki verið mikið lengur. Nú reyndi ég að vinna, eins og ég frekast gat, og var það meira af kappi en forsjá, enda fór lasleikinn að ágerast á ný og það svo mjög, að mér

var ráðlagt að fara enn utan, sem ég gerði. Það skal tekið fram, að forstjórinn var eitthvað óánægður með mig, og lenti eitt sinn í orðasennu á milli okkar, þegar mér fannst hann ganga of langt í ósanngirni. Nú skeður það, að þegar ég er að fara utan og er hættur vinnu og búinn að fá rafvirkja fyrir mig og er að kveðja starfsfólkið ásamt forstjóra, þá tilkynnir hann mér allt í einu, að leiðir okkar séu skildar hér með. Urðu út af þessu nokkur orðaskipti með mér og forstjóranum, sem ég mun ekki rekja að sinni né heldur það, sem síðar hefur farið okkar á milli. Mun væntanlega gefast tækifæri til þess síðar undir rekstri málsins.

Það er álit lækna, enda engum blöðum um það að fletta, að heilsuleysi mitt á rót sína að rekja til slyssins 1952, enda var ég heilsuhraustur áður og kenndi mér einskis þess meins, sem hefur þjáð mig, síðan slysið varð.

Ég skal skjóta því inn í, að áður en mér var sagt upp, kallaði forstjórinn eitt sinn á mig, eftir að ég var búinn að fá eitt kvalakastið við vinnu á Elliheimilinu, og lét mig skrifa undir bréf, sem hann samdi, þar sem ég er látinn taka sjálfur á mig þá ábyrgð, sem af kynni að hljótask heilsuleysi mínu í sambandi við og að því er snertir störf mín við rafmagnsviðgerðir o. s. frv. á Elliheimilinu. Skrifaði ég undir þetta í eins konar móki.

Ég hef beðið með að gera ákveðnar kröfur á hendur Elliheimilinu út af slysinu, þar til séð væri, hvernig heilsufari mínu reiddi af og hvort einhvers frekari bata væri von. Nú telur læknir ekki lengur breytinga að vænta til batnaðar, og dreg ég þess vegna ekki lengur að leita úrskurðar dómstóla, enda hefur forstjórinn aldrei verið til viðtals um neinar bætur. Greiðslur þær, sem ég hef fengið frá Elliheimilinu í þessu tilefni, eru 14 daga kaup og frítt uppihald, meðan ég lá eftir slysið og ekki var hægt að flytja mig heim. Enn fremur nokkrir nuddtímar.

Tekjur mínar voru árið 1953 kr. 33.150.00, 1954 kr. 28 þús., árið 1955 kr. 12.000.00 o. s. frv., sem ég mun nánar gera grein fyrir tekjunum áframhaldandi, allt fram til þessa dags.“

Fyrri vottorð Úlfars Þórðarsonar læknis er dagsett 29. júní 1959 og er svohljóðandi:

„Skv. beiðni er undirrituðum ljúft að votta, að mér er ekki kunnugt um annað en að Jón Guðjónsson, f. 7/6 1921, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, hafi alltaf verið heilsugóður og laus við alla veiklum fram til þess, er hann meiðist í slysi (gassprengingu) árið 1952 í febrúar, en eftir það hefur hann átt við vanheilsu að stríða, sérstaklega höfuðverk, svima og jafnvægestruflanir.“

Síðara vottorðið er dagsett 30. janúar 1960 og er svohljóðandi: „Sjúklingur minn Jón Guðjónsson, f. 7/6 1921, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, varð þ. 28/2 1952 fyrir sprengingum frá kyndingarhólfi gufuketils með þeim afleiðingum, að ég tel, að hann hlaut heilahristing. Ég sá ekki slasaða fyrr en nær því 14 mánuðum síðar, að ég lít á slasaða vegna svima, höfuðverks og dofa í h. hendi og h. fæti. Þá var slasaði sendur til Kjartans R. Guðmundssonar, sem fann skynjunartruflun h. megin. Varð þá að ráði, að sjúkl. var sendur til Ríkisspítalans í Höfn vegna:

- 1) Seqvele commotio Cerebri.
- 2) Subdural Hæmatom? (Seqvele).

Sjúkl. var svo erlendis í 3½ mánuð. Var gerð heilablásing og nákvæm neuroklinisk rannsókn. Töldu læknar þar, að þetta væri eftirköst eftir commotio cerebri, sem mundi batna mikið á 1 ári. Árið eftir, 1954, um vorið, fór slasaði aftur til Hafnar og hitti nú auk lækna á neurokirugisk deild Ríkisspít. einnig lækna á Neurologiska deild Ríkisspít., og taldi yfirlæknir Fog þá vafasamt, að frekari bata væri að vænta. Síðan hefur liðanin verið að mestu óbreytt, og er starfsorka sjúkl. að mínum dómi ca. 50% á við fyrri getu — þennan tíma, sem leið, áður en ég sá sjúklinginn. Diagnosis mín, byggð á athugunum ofangreinds læknis:

1. Seqv. commotio cerebri.
2. Seqv. „Schock“.

Greinargerð stefnanda er að aðalefni svohljóðandi:

„Af bréfaskiptum, sem farið hafa fram milli mín og forstjóra hælisins, er svo að skilja, að því verði haldið fram af hendi þess, að ekki sé um neina bótaskyldu að ræða í máli þessu. Virðist því einsætt, að málið verði flutt í tvennu lagi, sbr. 71. gr. einkamála-laga nr. 85/1936, og vænti ég, að dómarrinn og hv. andst. samþykki þá málsmeðferð.

Samkvæmt því mun ég að svo vöxnu máli eingöngu ræða hina almennu hlið málsins, enda liggi hin tölulega hlið þess um kyrrt á meðan sem og endanleg ákvörðun stefnufjárhæðar. Krefst ég í þessum hluta málsins, að hið stefnda elli- og hjúkrunarheimili verði dæmt bótaskyldt gagnvart umbj. mínum og gert að greiða hæfilegan málskostnað.

Þótt alllangt sé um liðið, frá því slysið varð, er ekki um neinn óeðlilegan drátt að ræða, hvað málssókn þessa snertir, þar sem umbj. m. hefur stöðugt og jafnan verið að biða, hvort eða hvers bata kynni að vera von, enda er það ekki fyrr en með læknis-

úrskurði, dskj. 4, að honum berst endanleg vitneskja um þetta og jafnframt mat á varanlegri örorku og þar með grundvöllur til kröfugerðar í málinu.

Um málavexti nægir að öðru leyti að vísa til hinnar ýtarlegu greinargerðar umbj. míns á dskj. 3, og hef ég litlu við það að bæta að svo stöddu. Ljóst er, að elliheimilið er skaðabótaskýlt í þessu tilfelli, fyrst og fremst samkvæmt almennum reglum um húsbænda- eða atvinnurekendaábyrgð, enda virðist og miðstöðin hafa verið gölluð, beinlínis hættuleg, og eftirliti hennar og umbótum ábótavant af hálfu ráðamanna heimilisins. Þá er og um að ræða vanrækslu í fleiru tilliti, sem allt verður nánar rakið á síðara stigi málsins. Áskil ég mér rétt til að færa fram hverjar þær málsástæður og rök, sem þurfa þykir, sem og til þess að leggja fram frekari gögn og sannanir, eftir því sem málflutningur hv. andst. kann að gefa tilefni til.

Með þessum fyrirvara legg ég þennan hluta málsins undir munnlegan flutning hér með.

Reykjavík, 18. ap. 1960“.

Lögmaður stefnda lagði fram greinargerð sína þann 10. maí 1960. Er meginefni hennar svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að gera þær dómkröfur, að umbjóðandi minn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða umbjóðanda mínum málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að olíukynding hjá umbjóðanda mínum hafi verið gölluð, að hann hafi kvartað um þetta við forstjóra umbjóðanda míns, að hann hafi sagzt mundu athuga þetta eða láta athuga, að sprenging hafi orðið í eldholinu 28. febr. 1952 og að stefnandi hafi meiðzt við slíka sprengingu.

Öllu þessu er mótmælt sem röngu. Stefnandi átti vanda til að fá aðsvif við vinnu. Hann hefur vafalaust fallið í öngvit og fengið heilahristing, en umbjóðandi minn á enga sök á því og ber enga ábyrgð á því. Hann mótmælir því, að heilsutjón hans stafi af þessu, auk þess sem vefengt er, að hann hafi beðið nokkurt heilsutjón við störf í umbjóðanda míns þágu, enda var ekki um hættulegt starf að ræða.

Um athafnir stefnanda og athafnaleysi í sambandi við umstefnda kröfu er það að segja, að hann hreyfir engum kröfum, heldur tekur upp fyrri störf hjá umbjóðanda mínum, eins og ekkert hefði í skorizt, en yfirliðagjarnt var honum þá sem áður, og undirritaði hann af fúsum og frjálsum vilja frumrit dskj. 9. Slysið á að hafa gerzt 28. febr. 1952, en stefna er ekki gefin út

fýrr en 17. marz 1960, eða rúmum átta árum síðar. Stefndandi virðist því hafa fyrirgert rétti til bóta, ef nokkur hefði verið, en því er eindregið mótmælt.

Ég mótmæli dskj. 1—4 sem röngum og óstaðfestum og dskj. 5 sem röngu.“

Þann 10. maí 1960 lagði lögmaður stefnda fram aðiljaskýrslu Gísla Sigurbjörnssonar, forstjóra stefnda. Aðiljaskýrslan er dagsett 3. maí 1960, og er að aðalefni svohljóðandi:

„Út af kröfu hr. Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara um skaðabætur fyrir meint tjón, er hann telur sig hafa orðið fyrir 28. febrúar 1952 hér á stofnuninni, þá vil ég taka fram eftirfarandi:

Hvort J. G. hefur nokkurn tíma talað við mig um útbúnað á kydingartækjum, man ég ekki, en geta má þess, að ef eitthvað fer úr lagi, vélar eða tæki, þá er ávallt bætt úr því án tafar. Er sú regla höfð hér og hefur verið, síðan ég tók við þessu starfi, að viðkomandi starfsmenn eru beðnir að sjá um viðgerð — ef þeir geta það ekki þá sjálfir — og er öryggiseftirlitið ávallt beðið að koma og athuga, ef eitthvað virðist vera að. Ef umrædd kyndingartæki hafa ekki verið í lagi og öryggiseftirlitið ekkert viljað sinna málinu, þá hefur J. G. sem starfsmaður átt að sjá um, að þau væru sett í lag — annaðhvort sjálfur eða fá menn til þess, og ef eitthvert óhapp hefur komið fyrir með tækin, verður því vanrækslu hans í starfi um að kenna.

Um þetta atvik, sem J. G. byggir kröfu sína á, veit ég ekkert sérstakt nema það, að J. G. átti vanda til að fá aðsvif við vinnu, en enginn var viðstaddur í ketilhúsinu, og er því J. G. einn til frásagnar um það, sem þar hefur gerzt.

Um umsögn J. G. um heilsu og heimilisaðstæður er ekki ástæða fyrir mig að tala, læknar segja sitt álit um heilsuna — heimilisaðstæður hans þekkti ég lítið — en þó þykja mér ummæli hans í minn garð bæði ósönn og ómakleg — hafði ávallt reynt að reynast honum og hans fólki vel — en um það geta aðrir borið en ég.

Herra læknir Alfreð Gíslason mun geta sagt talsvert um þetta mál — enda hjálpaði hann J. G. til að fá sjúkrahúspláss í Kaupmannahöfn. Fullyrðing J. G., að meint heilsuleysi hans eigi rót sína að rekja til þessa atviks í febrúar 1952 verður að sjálfsögðu athugað af læknisfróðum mönnum.

Ummæli J. G. um, að ég hafi fengið hann í móki til að undirrita bréf, eru ósönn með öllu. Alfreð læknir Gíslason ræddi við

J. G. ásamt mér um þetta. Að J. G. hafi skrifað undir umrætt vottorð í eins konar móki, er því uppspuni.“

Yfirlýsing sú, sem Jón Guðjónsson kveðst í aðiljaskýrslu sinni hafa undirritað í eins konar móki og Gísli Sigurbjörnsson getur um í niðurlagi skýrslu sinnar, er svohljóðandi:

„Hérmeð viðurkenni ég undirritaður, að herra læknir Alfreð Gíslason hefur vakið athygli mína á því, að heilsu minni sé þannig háttað, að hættulegt geti verið fyrir mig að fást við rafmagnsviðgerðir, rafmagnslagnir eða önnur þau störf, sem ég hef unnið á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, og tek ég því sjálfur á mig þá ábyrgð, sem af því kann að hljóta.“

Reykjavík, 10. apríl 1953.“

Stefnandinn, Jón Guðjónsson, andaðist að heimili sínu aðfaranótt 21. júlí 1960.

Þann 18. október 1960 lagði lögmaður stefnanda fram krufningarskýrslu Nielsar Dungals. Í niðurlagi skýrslunnar er svofelld ályktun:

„Ekki fundust nein merki þess á heila, heilabasti eða höfuðbeinum, að hinn látni hafi hlotið alvarlegt höfuðhögg. Ekki sást, að nein aðgerð hefði verið gerð á heila, og heilabúið hefur áreiðanlega aldrei verið opnað. Banameinið hefur verið lungnabjúgur, sem leitt hefur til köfnunar. Orsökinn hefur sennilega verið sú, að maðurinn hefur verið að fá lungnabólgu, sem hefur farið svo geyst af stað, að mikill bjúgur í lungum hefur leitt til köfnunar.“

Í þinghaldinu 18. október 1960 lagði lögmaður stefnanda jafnframt fram sjúkraskrá stefnanda frá Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og þrjú skoðunarvottorð Öryggisfirlits ríkisins. Jafnframt lagði hann fram bókun. Í henni segir meðal annars:

„Eins og fram kemur í dómsskjali nr. 15, andaðist stefnandi þessa máls, Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, hinn 21. júlí s.l. Breytist því aðild málsins, og hefur ekkjan, Guðrún Guðmundsdóttir, ákveðið vegna dánarbúsins og vegna sín og ófjárráða barna, Guðjóns, Ingibjargar og Ásdísar, að ganga inn í málið og taka við sóknaraðild þess. Hefur hv. andst. þegar verið tilkynnt sú ákvörðun með bréfi, dags. 9. september s.l.

Jafnframt þessu hlýtur kröfugerð málsins að breytast að verulegu leyti. Hækka verður heildarkröfu málsins upp í 750 þús. krónur að áskildum rétti til hækkunar eða lækkunar og til nánari sundurliðunar, þ. á m. að taka upp nýja kröfuliði, sem ekki var gert ráð fyrir í stefnu, en falla frá öðrum. Haldið verður vegna dánarbúsins fast við kröfu um örorkubætur frá slysdegi, 28. febr.

1952, til andlátsdags, 21. júlí s.l., sem og greiðslu alls álagðs kostnaðar af lækningatilraunum og spítalavistum. Enn fremur um bætur vegna þjáninga og sársauka hins látna. Í annan stað mun af hendi núverandi sóknaraðilja sjálfrar og barna hennar gerð krafa um bætur fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum og um greiðslu jarðarfararkostnaðar — allt innan heildarstefnukröfunnar — þar sem byggt verður á því, að slysið 1952 — og eftirfarandi heilsuleysi Jóns sál. Guðjónssonar af þess völdum — hafi verið undanfari eða upphafleg orsök dauðsfallsins, a. m. k. meðverkandi dauðaorsök með lungnabjúgnum. Þá verður að sjálfsögðu krafist málskostnaðar í öllu málinu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og skal þess getið, að dómsmálaráðuneytið hefur samþykkt munnlega, að gjafsóknin nái einnig til málsins í hinu núverandi og breytta formi. Hef ég gert hv. andst. aðvart um breytingar þessar og nýjar kröfur, og skilst mér, að hann samþykki, að þær komist að í málinu án framhaldsstefnu.

Ég tel sjálfsgagt að ræða fyrst og dæma hina almennu hlið málsins, sbr. 71. gr. einkamálalaga, en fresta gagnasöfnun og málflutningi um tölulegu hliðina, þar til hin almenna greiðsluskylda liggur ljósar fyrir.“

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1961, óskaði lögmaður stefnanda þess, að leitað yrði álits Læknaráðs um það, „hvort umrætt slys og eftirfarandi heilsubrestur af þess sökum verði talinn aðal- eða meðverkandi orsök að dauðsfalli Jóns sál. Guðjónssonar“, og gekk úrskurður á bæjarþinginu um það 3. febrúar 1961.

Með bréfi, dagsettu 20. desember 1961, endursendi Læknaráð málið frá sér, þar sem það taldi ekki nægar upplýsingar vera fyrir hendi í málinu.

Með bréfum, dagsettum 5. apríl og 7. des. 1963, óskaði lögmaður stefnanda þess, að málið yrði á ný lagt fyrir Læknaráð, og var það gert með úrskurði 9. janúar 1964.

Þann 15. janúar 1965 var stefnda birt framhaldsstefna í málinu, þar sem Guðrún Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar og vegna sín og ófjarráða barna, Guðjóns, Ingibjargar og Ásdísar, gerði þær kröfur, að stefnda yrði dæmt að greiða stefnanda:

„1. Örorkutjón Jóns sál. Guðjónssonar frá 28. 2. '52 til dánardags, 21. 7. '60. Miðað við 50% örorku, enda þótt hún hafi raunverulega verið meiri (oft og lengst af 100%) kr. 182.021.00

2. Útlagður kostnaður, einkum vegna ferða til Kaupmannahafnar og spítalavista þar. (Kvittanir að sjálfsögðu ekki til, og er kostnaður þessi þessi því áætlaður)	kr. 50.000.00
3. Vegna þjáninga og sársauka hins lána fram til dánardags	— 120.000.00
4. Röskun á stöðu og högum, brostnar framavonir, skert heimilis- og lífshamingja	— 120.000.00
Auk ofangreindra krafna dánarbúsins eru gerðar eftirfarandi kröfur v/eftirlifenda:	
5. Krafa mín (ekkju) fyrir missi framfæranda, kr. 638.528.00 mínus kr. 61.045.00	— 577.483.00
6. Krafa mín fyrir röskun á stöðu og högum	— 180.000.00
7. Krafa v/Guðjóns Jónssonar, f. 27. 9. 1944, fyrir missi framfæranda	— 1.119.00
8. Krafa sama fyrir röskun á stöðu og högum	— 50.000.00
9. Krafa Ingibjargar Jónsdóttur, f. 23. 1. 1950, fyrir missi framfæranda	— 41.351.00
10. Krafa sömu fyrir röskun á stöðu og högum	— 50.000.00
11. Krafa Ásdísar Jónsdóttur, f. 2. 9. 1952, fyrir missi framfæranda	— 59.179.00
12. Krafa sömu fyrir röskun á stöðu og högum	— 50.000.00
Ennfremur:	
13. Krafa fyrir jarðarfararkostnaði, áætl.	— 10.000.00

Samtals kr. 1.491.153.00

Þá er og krafizt 7% ársvaxta frá 28. febrúar 1952 af kröfuliðum 1.—4. og af kröfuliðum 5.—13. frá 21. júlí 1960, hvort tveggja til greiðsludags, og loks málskostnaðar að skaðlausu eða til vara eftir mati réttarins og án tillits til þess, að málið er gjaf-sóknarmál.“

Í greinargerð við framhaldssök og við hinn munnlega málflutning hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að sannað sé, að heilsutjón Jóns Guðjónssonar og dauðsfall megi með nægilegri vissu rekja til sprengingar þeirrar, sem orðið hafi í katlinum, og beri stefndi fulla ábyrgð á því tjóni stefnanda.

Kröfur samkvæmt 5., 7., 9. og 11. lið framhaldsstefnunnar byggði lögmaður stefnanda á örorkuútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Er útreikningur sá dagsettur 6. janúar 1965 og er svohljóðandi:

„Í sambandi við slys, er þér teljið Jón Guðjónsson rafvirkja-meistara, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, hafa orðið fyrir 28. febrúar 1952, hafið þér óskað eftir útreikningi á örorkutjóni svo og fjárhagstjóni ekkju og barna vegna missis framfæranda, en Jón lézt 21. júlí 1960.

Jón Guðjónsson er sagður hafa verið fæddur 7. júní 1921. Hann lét eftir sig ekkju, Guðrúnu Runólfsson Guðmundsdóttur, sem sögð er fædd 25. júní 1921. Börn þeirra eru þrjú, Guðjón, f. 27. september 1944, Ingibjörg, f. 23. janúar 1950, og Ásdís, f. 2. september 1952.

Þér hafið gert ráð fyrir að miða örorkutjónið við 50% orkutap frá slysdegi til dauðadags, en dánarbætur verði reiknaðar með venjulegum hætti. Enn fremur hafið þér talið rétt að leggja reiknaðar (áætlaðar) tekjur til grundvallar útreikningi í stað þess að afla upplýsinga um tekjur Jóns árin fyrir slysið, en slíkar upplýsingar gæti reynzt erfitt að fá og óvíst, hver not yrðu af þeim. Hef ég því miðað útreikninginn við vinnutekjur iðnaðarmanna samkvæmt skattframtölum, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að í aðilja-skýrslu stefnanda í máli því, er hér um ræðir, kveðst Jón hafa haft millikaup milli sveinskaups og útseldrar vinnu fyrir störf sín á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, sbr. dskj. nr. 3.

A. Örorkutjón.

Samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík reyndust meðalvinnutekjur launþega í þessum stéttum starfsárin 1952—1960 vera sem hér segir:

Árið 1952	kr. 39.515.00
— 1953	— 46.213.00
— 1954	— 47.902.00
— 1955	— 55.286.00
— 1956	— 63.092.00
— 1957	— 60.956.00
— 1958	— 68.624.00
— 1959	— 74.014.00
— 1960	— 79.608.00

Sé miðað við, að helmingur þessara tekna hafi tapazt frá slysdegi, 28. febrúar 1952, til dauðadags, 21. júlí 1960, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 182.021.00. Er

þá reiknað með 7% vöxtum p. a., en engum dánarlíkum, þar eð um ákveðið tímabil (frá slysdegi til dauðadags) er að ræða. Enn fremur er reiknað með, að tekjur hvers árs dreifist jafnt yfir árið.

B. Bætur vegna fráfalls fyrirvinnu.

Tekjur þær, sem ég hef lagt til grundvallar við útreikning bóta vegna fráfalls fyrirvinnu, styðjast við hlutfallið milli meðaltekna (vinnutekna) kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík starfsárin 1954—1963 og kauptaxta samkvæmt kjarasamningi járníðnaðarmanna. Með þessum hætti hef ég reiknað árstekjur sem hér segir:

Árið 1960	kr. 74.234.00
— 1961	— 78.898.00
— 1962	— 90.739.00
— 1963	— 102.911.00
Jan.—sept. 1964	— 125.146.00
Eftir þann tíma	— 133.191.00

Samanburður við A-lið sýnir, að árið 1960 hafa tekjur reynzt nokkru hærri en hér er reiknað með, þ. e. „árferði“ hefur verið betra en meðaltal þeirra 10 ára, sem hér eru lögð til grundvallar, sýnir.

Af ofangreindum tekjum óskiptum hef ég að venju fyrst tekið fyrir bótum til barnanna fjárhæð, er svarar til barnalífeyris almannatrygginga til fullnaðs 16 ára aldurs hvers barns. Frá dauðadegi Jóns hefur árlegur barnalífeyrir almannatrygginga verið sem hér segir:

Frá slysdegi til júniloka 1961	kr. 7.200.00
— 1/7 1961 til 31/5 1962	— 8.193.60
— 1/6 1962 til 30/6 1963	— 8.521.34
— 1/7 1963 til 31/12 1963	— 9.799.55
Eftir þann tíma	— 11.109.00

Miðað við þessar bætur reiknast mér verðmæti á dauðadegi nema:

Til Guðjóns	kr. 1.190.00
Til Ingibjargar	— 41.351.00
Til Ásdísar	— 59.179.00

Sé ekkjunní reiknaður helmingur þeirra tekna, er eftir verða, þegar tekið hefur verið fyrir barnalífeyri til barnanna, reiknast mér verðmæti slíkra greiðslna á dauðadegi nema kr. 638.528.00.

Frá almannatryggingum hefur Guðrún átt rétt á bótum vegna slyssins, ekkjubótum í 12 mánuði að fjárhæð samtals kr. 14.189.00 og mæðrالاunum, sem numið hafa á ári:

Ágúst—sept. 1960	kr. 14.400.00
Okt. 1960—júní 1961	— 7.200.00
Júlí 1961—maí 1962	— 8.193.60
Júní 1962—júní 1963	— 8.521.34
Júlí—des. 1963	— 9.799.55
Jan. 1964—jan. 1966	— 12.061.20
Febr. 1966—sept. 1968	— 2.221.80

Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðrالاuna á dauðadegi reiknast mér nema kr. 61.045.00. Að sjálfsögðu er barnalífeyrir almannatrygginga greiddur með börnum hins látna.

Við útreikning bóta undir B-lið hafa verið notaðar 7% töflur um starfsorkulíkur, samræmdar eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960, enn fremur eftirlifendatöflur íslenskra kvenna og 7% lífrentutöflur 1951—1960. Dánarlíkur barna hafa verið reiknaðar 0.1% p. a. (við útreikning ekkjubóta og mæðrالاuna hefur þó ekki verið tekið tillit til dánarlíkna barna).“

Stefndi hefur mótmælt útreikningi tryggingafræðingsins sem röngum, þar sem útreikningurinn sé byggður á kjarasamningi járníðnaðarmanna.

Úrskurður Læknaráðs gekk þann 9. marz 1965, og er niðurstaða hans þessi:

„Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið og að hann hafi hvorki þjáðst af yfirliða- né krampaköstum.

Eftir slysið er sagt, að Jón hafi þjáðst af höfuðverk og ekki getað afkastað fullri vinnu af þeim sökum. Innan árs frá því að slysið varð, byrjaði hann að fá krampaköst, sem sagt er, að hafi byrjað með miklum höfuðverk hægra megin. Þegar Jón var lagður inn á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn 9. maí 1953, hné hann niður (sank patienten sammen) án þess þó að fá krampa í það skiptið. Hins vegar fékk Jón heitinn krampakast, þegar gerð var á honum „loft-encephalografia“. Jón fékk meðferð við krampaköstunum. Henni var haldið áfram fram í nóvember 1953. Hinn

26. maí 1954 er skrifað í journal Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn, að Jón hafi ekki haft krampa síðasta árið. Ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvort Jón hafi haft krampaköst síðan 1954.

Í vottorði Kristjáns Þorvarðssonar, dagsettu 22. okt. 1960, er þess getið, að Jón hafi við skoðun í janúar 1959 kvartað um, að hann ætti erfitt um vinnu vegna þreytu, slappleika, höfuðkvala, stundum skyndilegrar blindu og velgju. Við skoðun fannst jákvætt Rombergs-próf og jákvæð Babinski-svörun hægra megin og minnkað skyn sömu megin. Enn fremur óöruggt og sljóvgað minni. Ályktanir Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og Kristjáns Þorvarðssonar eru báðar á þann veg, að kvartanir Jóns og einkenni stöfuðu af slysi. Getur lækna ráð fallizt á, að þetta sé rétt.

Krufningarskýrslan ber með sér, að banamein Jóns hafi verið lungnabjúgur, en hins vegar fundust ekki einkenni um meiri háttar bólgu. Í skýrslunni er þess getið, að heilafellingar hafi verið aðeins flatari en eðlilegt er hægra megin. Gæti þetta bent til þess, að um heilabjúg hafi verið að ræða. (Nákvæm vefjarannsókn af heilanum, sem skæri úr um þetta og gæti e. t. v. gefið frekari upplýsingar, fylgir ekki krufningarskýrslunni). Hafi svo verið, er vel hugsanlegt, að maðurinn hafi fengið heiftarlegt krampakast, sem hafi orsakað lungnabjúginn og þannig orðið honum að bana.

Þá ber og að geta þess, að mönnum er hættara við krömpum, þegar líkamshiti hækkar, og gæti því byrjandi lungnabólga hafa útleyst krampakast hjá Jóni.

Í samræmi við það, sem að ofan segir, verður að teljast líklegt, að heilsubrestur Jóns af völdum slyssins hafi að minnsta kosti verið meðverkandi orsök að dauða hans.“

Stefndi hefur mótmælt úrskurði Læknaráðs með þeim rökum, að Læknaráð byggi úrskurð sinn á því, að Jón Guðjónsson hafi ekki þjáðst af yfirliðaköstum. Nú sé upplýst, að svo hafi verið samkvæmt vætti læknisins Alfreðs Gíslasonar.

Þann 29. júní 1966 var lögð fram sjúkraskrá viðvíkjandi Jóni Guðjónssyni. Sjúkraskráin er svohljóðandi:

„A. G.

Dags. 1/4 '53.

Nafn: Jón Guðjónsson.

Heimili: Borgarholtsbr. 14, Kópavogi.

Fæðingardagur: 7/6 1921.

Fékk í gær epileptiformt kast. Segist upp á síðkastið hafa fengið (þau) nokkru tíðar en áður: Í gær, þar áður fyrir ½

mánuði. Þar áður fyrir 2 mánuðum — þvagmissir. Hefur brotið úr tönnum — tungubit (tgbít).

Varð fyrir ketilsprengingu í febrúar 1952. Lengi svimi þá á eftir. Lá í 4—5 vikur.

Við áreynslu fær hann verki eins og högg aftan í hnakka og háls.

4/4 *Neurologisk skoðun.*

Nokkru áður en hann varð fyrir ketilsprengingu, var hann slæmur af gyllinæð um tíma. Þá fékk hann aðsvif í sambandi við sársauka við hægðir. Einnig er hann var að læra (fyrir 8 árum) fékk hann aðsvif, einnig í sambandi við gyllinæð. Missti meðvitund augnablik. Lagaðist aftur eftir nokkrar mínútur.“

Alfreð Gíslason læknir hefur fyrir dómi 16. janúar 1967 staðhæft, að Jón Guðjónsson hafi tjáð vitninu, að hann hafi fengið aðsvif, eins og nánar er greint frá hér að ofan.

Þann 18. október 1960 lagði lögmaður stefnanda fram þrjú skoðunarvottorð Öryggiseftirlits ríkisins, dagsett 19. febrúar 1952, 6. marz 1952 og 21. apríl 1952.

Vottorðið frá 6. marz 1952 er að meginefni svohljóðandi:

„Sjá skal svo um, að hin sjálfvirku tæki ketilsins Pyrostat, kveikioddar, háspennukerfi og þrýstistillir ásamt vatnshæðarstilli verði athugað og rækilega gegnumfarið á 6 mánaða fresti og oftar, ef þess reynist þörf. Hlíf vantar á glas ketilsins og stillingu á öryggisloka.“

Meginefni vottorðsins frá 21. apríl 1952 er þannig:

„Nýr reykrofi hefur verið settur í eimketilinn. Sá eldri reyndist ónýtur. Þessi er nú reyndur. Hann slekkur á olíudæluhreyfli eftir ca. 10—20 sek., frá því loginn deyr, ef olían er tekin af. Ketillinn virðist nú í lagi. Reykrofann skal athuga á 4 til 6 mánaða fresti.“

Þann 15. júní 1965 óskaði lögmaður stefnda eftir umsögn öryggismálastjóra um vottorð þessi, og skilaði öryggismálastjóri álit, sem er dagsett 9. júlí 1965. Þar segir m. a.:

„Að jafnaði eru eftirlitsskyldar vinnustöðvar skoðaðar einu sinni á ári. Sé oft skoðað, er það vegna sérstaks tilefnis. Þegar spjaldskrá eftirlitsins er athuguð, sést, að hin árlega skoðun Elliheimilisins Grundar hefur að tveim síðastliðnum árum undanskildum ávallt verið gerð á fyrstu mánuðum ársins, og virðist því sem skoðunin, sem gerð var 19. 2. 1952, hafi verið hin reglulega árlega skoðun án sérstaks tilefnis. Við þá skoðun hafa ekki aðrar athugasemdir verið gerðar við búnað véla og tækja en

vottorðið ber með sér. Verður því ekki séð, að neitt hafi verið talið athugavert við búnað eimketilsins, þegar skoðunin var gerð.

Næsta skoðun, sem gerð er 6. marz, er, eftir því sem skoðunarvottorðið ber með sér, eingöngu gerð ketilsins vegna og tilefnið að líkindum sprengingin, sem varð í eldholi hans hinn 28. febrúar. Það, að skoðunin er ekki gerð, fyrr en viku eftir að sprengingin varð, bendir til þess, að atvikið hafi ekki verið tilkynnt eftirlitinu, og því hefur ekki verið skoðað, fyrr en eftirlitinu barst vitneskja um sprenginguna þessu síðar.

Þriðja skoðunin, sem gerð er 21. apríl, virðist einnig eingöngu vera gerð ketilsins vegna og þá til þess að ganga úr skugga um, að það, sem ekki reyndist í lagi við næstu skoðun á undan, hafi nú verið lagfært.

Sprengingu þá, sem varð í katlinum, tel ég hafa orðið vegna þess, að stillitæki eða rafbúnaður kynditækjanna hafi ekki unnið rétt. Sérhver eimketill á að vera undir stöðugri gæzlu, og það er hlutverk ketilgæzlumannsins að fylgjast með því, að öll tæki tilheyrandi katlinum séu í lagi og vinni rétt. Bregði út af þessu, svo að viðhaldi eða eftirliti verði ábótavant, getur skapast hættu-ástand. Slíkt daglegt eftirlit er að sjálfsögðu ekki hlutverk öryggiseftirlitsins, og getur því ekki verið um vanrækslu af þess hálfu að ræða í þessu sambandi.

Fyrirmæli eftirlitsmannsins á skoðunarvottorði, dags. 6. marz 1952, þar sem hann mælir svo fyrir, að sjálfvirk tæki ketilsins séu rækilega yfirfarin á 6 mánaða fresti, og á skoðunarvottorði, dags. 21. apríl 1952, þar sem athugun reykröfa er fyrirskipuð á 4 til 6 mánaða fresti, benda bæði til þess, að hann telji ástæðu til ákveðnara eftirlits en verið hafði.“

Þann 9. nóvember 1965 lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir teldu gagnasöfnun í málinu lokið. Höfðu þá farið fram yfirheyrslur á vitnum og nokkur skjöl lögð fram auk þeirra, sem nú hefur verið getið. Verða skýrslur vitna raktar síðar.

Þann 22. júní 1966 var málið tekið til munnlegs flutnings. Í upphafi þinghaldsins lagði lögmaður stefnanda fram sem dómskjal nr. 55 ljósmynd af tilkynningu um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, undirritaða 28. marz 1952 af Garðari Sigfússyni skrifstofustjóra f. h. Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar. Hefur tilkynning þessi verið rituð á til þess gert eyðublað og er þess efnis, að Guðfinnur Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, starfsmaður heimilisins, hefði orðið fyrir

slysi þann 28. febrúar 1952 kl. 1100, er hann var að vinnu í ketil-húsi þvottahúss heimilisins. Hafi myndast gassprenging og hafi Guðfinnur Jón fengið höfuðhögg. Frá því að slysið varð og þar til lækniir athugaði meiðslin, hafi liðið 30 mínútur. Þá er þess getið, að lækniirinn Alfreð Gíslason hafi stundað sjúklinginn.

Í sama réttarhaldi lagði lögmaður stefnanda fram sem dóms-skjal nr. 56 ljósmynd af lækniisvottorði Alfreðs Gíslasonar til Tryggingastofnunar ríkisins, dagsett 27. marz 1952. Er vottorð þetta ritað á sérstaklega prentað eyðublað. Í vottorðinu segir, að Guðfinnur Jón Guðjónsson hafi orðið fyrir slysi 28. febrúar 1952. Kveðst lækniirinn samdagurs hafa skoðað sjúklinginn og telur, að annar lækniir hafi ekki stundað hann vegna slyssins, er vott-orðið var gefið út. Á eyðublaðinu svarar lækniirinn eftirfarandi spurningum þannig:

„3. a. Hverjar voru taldar orsakir slyssins? Svar: Sprenging í hitakatli.

b. Hafið þér getað gengið úr skugga um, að orsakir slyssins séu rétt til greindar? Svar: Nei. Ef ekki, teljið þér þó líklegt, að svo sé? Svar: Já.

c. Hvaða sjúkdómseinkenni funduð þér sjálfur við fyrstu skoðun? Svar: —.

d. Nafn sjúkdómsins? Svar: Commotio cerebri.

4. Hefur sjúklingurinn nokkurn kvilla eða örorkueinkenni, sem hann hafði á undan slysinu? Svar: Ekki, svo mér sé kunn-ugt.

5. Hvernig er ástand slasaða nú? Sæmilegt.

6. a. Getur hinn slasaði haldið áfram starfi sínu, án þess að komi í bága við lækningatilaunirnar? Svar: Nei. Hefur þó fótavist.

b. Er slasaði á sjúkrahúsi? Svar: Nei.“

Í þinghaldinu 22. júní 1966 var meðal annars bókað:

„Er hér var komið, ákvað dómurinn að fara á vettvang til athugunar, og verður gert hlé á þinghaldinu.

Dómendur hafa nú farið á vettvang. Gufuketillinn er ekki leng-ur til staðar í Elliheimilinu Grund.

Dómendur beina þeim tilmælum til lögmanna aðilja að afla, ef unnt er, ýmissa upplýsinga um gerð gufuketilsins og viðkom-andi tækja, er málið fjallar um.“

Þær upplýsingar, sem óskað var eftir að fá um gufuketilinn og búnað hans, voru þessar:

„1. Gerð og stærð og vinnuþrýstingur gufuketils. Teikning af

útliti hans og fyrirkomulagi í ketilhúsi að Elliheimilinu Grund. Staðsetning sprengiloks á gufukatli.

2. Upptalning og lýsing á öllum búnaði. Getið skal gerðar hvers tækis, hér með talið olíukynditæki.
3. Raftengimynd af búnaði gufuketils — þ. e. sérstaklega varðandi öryggis- og sjálfstýritæki olíukynditækis, gangsetningu þess o. s. frv.“

Var málflutningi því frestað og viðbótargagna aflað.

Hér á eftir verður nú getið vottorða, sem lögð hafa verið fram, og raktar skýrslur, sem teknar hafa verið hér fyrir dómi.

Gísli Sigurbjörnsson forstjóri gaf skýrslu fyrir dómi 28. október 1965.

Skýrir forstjórinn svo frá, að Jón Guðjónsson hafi verið ráðinn sem rafvirki og viðgerðarmaður heimilisins. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur né erindisbréf, enda aldrei gert við ráðningar hjá stefnda. Áður hafi Jón verið í vinnu hjá Lúðvík Guðmundssyni rafvirkjameistara, en það verkstæði hafi séð um allar viðgerðir, að því er rafmagn snertir og allar raflagnir. Jón hafði því áður unnið hjá stefnda og tók við ráðninguna sama starf og hann hafði þar unnið. Aðspurður kveðst forstjórinn ekki muna eftir því sérstaklega, að Jón hafi kvartað við sig um það, að miðstöðin kynni að vera biluð. Hins vegar segir forstjórinn það fasta venju sína, ef slíkar kvartanir berist til hans, að viðkomandi starfsmaður skuli annast lagfæringuna sjálfur, ef hann geti það, en ella eigi hann að sjá um, að það sé gert á kostnað stofnunarinnar. Forstjórinn kveðst ekki hafa heyrt sjálfa sprenginguna, enda ekki verið í húsinu, en honum hafi verið skýrt frá þessu, er hann kom á skrifstofuna. Hann hafi heyrt sagt, að óhapp hefði komið fyrir Jón, en hann vissi ekki, hvernig það atvikaðist. Kveðst forstjórinn hafa haldið, að Jón hefði ef til vill fengið aðsvif, enda telur hann, að Jón hafi haft vanda til þess. Hins vegar kveðst hann hafa frétt, að sprenging hafi orðið í miðstöð hússins sama dag og óhappið varð. Ekki minnst hann þess, að lögreglan hafi verið kvödd á vettvang út af umræddri sprengingu eða slysi, en telur víst, að öryggiseftirlitið hafi verið kvatt á vettvang eftir slysið. Forstjórinn kveðst ekki hafa sett fréttatilkynninguna, sem birtist í Morgunblaðinu 6. marz 1952, í blaðið. Hann kveðst ekki hafa viljað hafa Jón í vinnu eftir slysið, vegna þess að hann óttaðist, að Jón kynni að fá aðsvif aftur eða eitthvert slys að henda hann vegna heilsu Jóns. Ekki man hann, hvort heilsa Jóns hafi versnað eftir slysið, en kveður sig hins

vegar hafa orðið miklu hræddari um hann eftir slysið, en Jón hafi verið góður rafvirki og góður starfsmaður yfirleitt. Forstjórinn segir, að Jón hafi sótt fast að fá að halda áfram vinnunni, en kveðst ekki hafa þorað að hafa hann vegna framangreindrar vanheilsu hans. Hafi Jón þá undirritað yfirlýsinguna frá 10. apríl 1953, enda hafi það verið skilyrði fyrir því, að hann héldi áfram vinnunni. Aðspurður, hvort Jóni hafi verið sagt upp vinnunni, kveður forstjórinn sig ekki muna það.

Vitnið Ágúst Frimann Danielsson verkamaður, starfsmaður stefnda, kom fyrir dóm 13. nóv. 1963. Skýrir vitnið svo frá, að það kannist við, að sprenging sú, sem um ræðir í málinu, hafi átt sér stað. Kveðst vitnið hafa verið í næsta herbergi við umrætt ketilhús og heyrt sprenginguna. Vissi vitnið, að Jón var inni í ketilhúsinu, þegar sprengingin varð. Kveðst vitnið hafa séð Jón fara inn í ketilhúsið, áður en sprengingin varð, og koma út eftir sprenginguna af eigin rammleik. Kveðst vitnið ekki hafa séð þess nein merki, að stefnandi hefði slasast, en ekki veitt honum neina sérstaka eftirtekt. Vitnið kveður, að sér sé kunnugt um, að Jón hafi lagzt sjúkralegu, strax eftir að hann kom út úr ketilhúsinu, og kveðst hafa heyrt, að hann hefði fengið heilahristing. Kveðst vitnið álíta, að Jón hafi fengið heilahristing við sprenginguna. Vitnið kveðst álíta, að Jón hafi verið heilsuhraustur maður, áður en framangreind sprenging hafi átt sér stað, og kveðst ekki hafa vitað til þess, að hann ætti vanda til yfirliða eða flogaveiki. Vitnið kveðst að staðaldri hafa unnið í næsta herbergi við umrætt ketilhús, þ. e. í þvottahúsinu. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að önnur sprenging en sú, sem að framan greinir, hafi átt sér stað umrætt tímabil. Vitnið tekur fram, að kynditækið hafi bilað mjög oft. Í ódagsettu utanréttarvottorði, óstaðfestu, hefur vitni þetta lýst því, að það hafi jafnan séð um það að kveikja á kynditækinu á morgnana.

Vitnið Kjartan Einarsson húsasmiður, starfsmaður stefnda, hefur skýrt svo frá fyrir dómi 28. október 1965, að forstjóri stefnda hafi verið kröfuharður um það, að fyllsta öryggis væri gætt í öllum framkvæmdum. Vitnið kveðst muna eftir umræddu slysi og hafi vitnið verið meðal þeirra fyrstu, sem komu að Jóni. Hafi Jón þá verið í herberginu fyrir framan ketilhúsið og legið fram á sagarborð, sem þar var, og hélt höndum um hnakkann, en þar virtist verkurinn vera. Ekki kveðst vitnið hafa séð áverka á Jóni, en hann hafi sýnilega verið mikið veikur og vart vitað af sér. Ekki kveðst vitnið neitt um það muna, hvort Jón skýrði því

frá orsökum slyssins, en tekur hins vegar fram, að oft hafi orðið smásprenningar í eldhólfinu, en þær hafi þó verið meinlausar. Vitnið kveður sig muna, að öryggiseftirlitið hafi komið á vettvang skömmu eftir slysið og telur víst, að kallað hafi verið á öryggiseftirlitið sérstaklega vegna slyssins. Vitnið kveðst hafa þekkt Jón og hafi hann verið góður starfsmaður. Vitnið segir, að „rafmagnsfýring“ hafi verið áður, en olíuhitunin hafi verið nýkomin. Hafi Landssmiðjan annazt uppsetningu ketilsins, en ekki veit vitnið, hvort sá ketill var nýr eða gamall. Landssmiðjan hafi annazt viðhald á katlinum fyrst í stað, en annars hafi Vélsmiðjan Steðji annazt viðhald véla á heimilinu, þegar til þeirra var leitað.

Vitnið Einar Larsen kom fyrir dóm 9. nóvember. Vitnið kveðst hafa hafið störf hjá stefnda á árinu 1938 og hafa unnið þar síðan, fyrst sem garðyrkjumaður, en síðar sem umsjónarmaður. Vitnið segir, að forstjórinn hafi krafizt fyllsta öryggis í hvívetna og kveðst gera ráð fyrir, að svo hafi einnig verið krafizt af öðrum starfsmönnum. Vitnið segir, að Kjartan Einarsson hafi komið fyrstur á slysstaðinn, en vitnið litlu síðar. Var Jón þá í herberginu fyrir framan ketilhúsið, þ. e. trésmíðaverkstæðinu. Ekki sá vitnið neina ytri áverka á Jóni, en hins vegar virtist hann vera utan við sig. Vitnið og Kjartan studdu Jón inn í heilsugæzluherbergi í kjallara heimilisins. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt sprengingu í umrætt sinn, enda ekki verið nálægt slysstað. Hins vegar hafi það ekki séð nein merki þess, að sprenging hafi orðið í eldhólfinu, t. d. ekkert sót. Hins vegar er vitninu kunnugt um það, að smásprenningar hafi orðið í eldhólfinu, en aldrei komið að sök. Athygli vitnisins var vakin á ummælum Jóns Guðjónssonar í aðiljaskýrslu hans um, að allur glugginn hafi sprungið úr ketilhúsinu og að hurð eldhólfsins hafi sprungið frá. Kveðst vitnið ekki muna eftir þessu sérstaklega og kveður nokkuð víst, að glugginn hafi ekki verið brotinn, en annars sé svo langt um liðið, að það muni þetta ekki nákvæmlega. Vitnið upplýsir, að búið sé að fjarlægja ketil þann, sem í málinu greinir, og sé nú nýr ketill kominn í staðinn. Vitnið segir, að Jón Guðjónsson hafi verið fyrsta flokks starfsmaður.

Vitnið Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, f. 8. janúar 1926, hefur í vottorði, dagsettu 23. júní 1966, skýrt svo frá:

„Ég undirritaður Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Stóragerði 6 hér í bæ, vann á sínum tíma í ígripum með Jóni sál. Guðjónssyni að rafmagnsvinnu á Elliheimilinu Grund. Aldrei þó við gufuketil þvottahússins. Hins vegar kom ég til Jóns heitins, meðan hann

lá á Elliheimilinu fyrstu dagana, eftir að hann varð þar fyrir slysi, og leit ég þá á umræddan ketil og sá greinileg ummerki eftir sprengingu. T. d. man ég eftir loki framan á eldholinu, og voru festingarnar brotnar. Sömuleiðis man ég eftir lúgu, sem lok var á, að mig minnir ofar á katlinum, og voru boltarnir, sem héldu lokinu, teygðir, eins og þeir hefðu orðið fyrir snöggum þrýstingi innan frá. Ekki kom til, að ég yrði beðinn að lagfæra þetta, enda var ég lærlingur þá, og slík verk ekki í mínu fagi.“

Fyrir dómi hefur vitnið Jón Guðjónsson lýst efni vottorðsins rétt. Vitnið telur, að það hafi heimsótt Jón heitinn á fyrsta eða öðrum degi eftir slysið og þá farið inn í ketilhúsið. Hafi ummerkin á katlinum, sem um getur í vottorðinu, verið nýleg, og minnir vitnið fastlega, að kynditækið hafi ekki verið í gangi.

Vitnið segir aðspurt, að það hafi aldrei orðið vart við eða vitað til, að Jón heitinn Guðjónsson hafi fengið aðsvif fyrir slysið, og er það álit vitnisins, að hann hafi verið hraustur á sál og líkama, en vitnið kveðst hafa byrjað að vinna með Jóni heitnum árið 1946, en þó ekki unnið samfellt með honum frá þeim tíma.

Vitnið Garðar Sigfússon, skrifstofustjóri stefnda, sem ritaði tilkynninguna um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi 28. júní 1966, að það hafi skráð upplýsingarnar um slysið, meðal annars eftir upplýsingum frá Jóni heitnum Guðjónssyni, en vitnið kveðst þó áður hafa fengið upplýsingar um atburði þessa. Vitnið segir, að Jón heitinn hafi á þeim tíma, sem slysið varð, haft með höndum allar rafmagnsviðgerðir og eftirlit með öllum vélum og áhöldum, þ. á m. hinum umrædda katli og þeim búnaði, sem honum fylgdi.

Í málinu hafa verið lagðir fram reikningar Vélsmiðjunnar Steðja h/f. Við dagsetninguna 11.—14. marz 1952 stendur: „Vinna við að taka brennara frá katli og setja hann við annan ketil, smíða stút o. fl. . .“. Vitnið Garðar Sigfússon skýrir svo frá, að skipt hafi verið um brennara á gufukatlinum eftir slysið. Gizkar vitnið á, að brennarinn, sem um ræðir í reikningnum, kunni að vera sá sami og sá, sem var á katli þeim, sem málið fjallar um. Vitnið segir, að gamli brennarinn kunni að hafa verið settur við miðstöðvarketil í kjallara aðalbyggingar elliheimilisins. Vitnið segir, að í febrúar 1953 hafi ketillinn verið seldur án olíukynditækja og hafi kaupandi verið Vélsmiðjan Steðji h/f. Þann 25. júní 1966, er spurzt var fyrir um ketilinn hjá starfsmönnum Steðja h/f, hafi þeir ekki getað upplýst, hvert þeir seldu ketilinn, en að líkindum muni síðustu eigendur ketilsins vera þeir feðg-

arnir Sveinn Jónsson og Hreinn Sveinsson, Digranesvegi 16 A, Kópavogi.

Dómendur hafa farið að Digranesvegi 16 A, Kópavogi, og skoðað ketil þann, sem þar er. Lögmaður stefnanda hefur að ósk dómsins látið taka mynd af katli þessum.

Í málflutningi sínum hafa lögmenn aðilja ekki viljað staðhæfa neitt um það, hvort ketillinn á Digranesvegi 16 A, Kópavogi, sé sá sami og stefnandi telur, að sprenging hafi orðið í á Elliheimilinu Grund. Þrátt fyrir tilmæli af hálfu dómsins hafa lögmenn aðilja ekki kannað nægjanlega, hvort hér er um sama ketilinn að ræða.

Á reikungi frá Steðja h/f, dómsskjali nr. 61, sem lagður var fram 28. júní 1966, er tilgreind „Vinna við að hreinsa ketil, unnið við leiðslur, autómat o. fl. og smíðað olíurör, 25 t.“ dagana 28. og 29. febrúar 1952.

Við hinn munnlega málflutning var lögmaður stefnanda að því spurður, hvers vegna ekki hefði verið reynt að afla nánari upplýsinga um þessa vinnu. Svaraði hann því til, eins og stundum áður, að upplýsingaskyldan í máli þessu hvíldi ekki á honum eða sóknaraðiljum málsins, heldur á stefnda.

Lögmaður stefnanda fékk Þórarin Sveinsson lækni til að meta á ný örorku Jóns Guðjónssonar, og skilaði lækni­rinn matsgerð, sem er dagsett 1. sept. 1966, og er niðurlag hennar svohljóðandi:

„Ályktun: Að þessu framanskráðu athuguðu má segja, að í heildinni geti ég verið sammála mati Úlfars læknis Þórðarsonar, enda þótt ég vilji haga matsgerðinni nokkuð á annan veg.

Ég tel hæfilegt mat þannig:

- | | | |
|---|------|--------|
| 1. Fyrir þau tímabil, er slasaði var rúmliggjandi | | |
| eða við rúmið | 100% | örorka |
| 2. Ca. 1 mánuð eftir hverja legu | 75% | — |
| 3. Úr því | 40% | — |

Öllum verður að vera ljóst, að mat sem þetta hlýtur eðlilega að vera handahófslegt.“

Stefndi hefur mótmælt þessu örorkumati sem röngu og svo óákveðnu, að ekki sé hægt að byggja dóm á því.

Á grundvelli þessa örorkumats lét lögmaður stefnanda tryggingafræðinginn Guðjón Hansen gera nýjan útreikning. Í niðurlagi útreikningsins segir tryggingafræðingurinn:

„Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á árstekjum og bótum almannatrygginga, reiknast mér verðmæti þeirra

greiðslna, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningi, verða sem hér segir á dánardegi:

Greiðslur til barna:

Til Guðjóns	kr. 1.190.00
Til Ingibjargar	— 42.069.00
Til Ásdísar	— 65.209.00
Greiðslur til ekkju	— 858.278.00
Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna —	62.873.00“.

Stefndi hefur mótmælt þessum útreikningi tryggingafræðingsins sem fjarstæðukenndum.

Við hinn munnlega málflutning breyttust dómkröfur sóknaraðilja enn, og var þess nú krafizt, að stefnda verði dæmt að greiða samtals kr. 1.687.769.00. Miðað við framhaldsstefnu lækkaði 1. kröfuliður í kr. 153.896.00. Kröfuliður 5 hækkaði í kr. 795.405.00 (858.278.00 ÷ 62.873.00). Kröfuliður 7 hækkaði í kr. 1.190.00, kröfuliður 9 í kr. 42.069.00 og kröfuliður 11 í kr. 65.209.00. Auk þess var krafizt vaxta og málskostnaðar, eins og í framhaldsstefnu greinir. Lögmaður stefnanda taldi málið nægjanlega upplýst. Ef talið yrði hins vegar, að einhverjar upplýsingar vantaði, þá ætti það að koma stefnda í koll, þar sem hann hefði ekki lagt sig fram um að afla gagna í málinu.

Við hinn munnlega málflutning hefur því verið neitað af hálfu stefnda, að nokkur sprenging hafi orðið í ketilhúsinu í umrætt sinn. Þá er því einnig neitað, að stefndi beri nokkra ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa orðið fyrir. Einstökum kröfuliðum stefnanda er mótmælt sem röngum, og auk þess telur stefndi, að kröfuliður nr. 2, ferðakostnaður, og nr. 13, útfararkostnaður, séu alveg vanreifaðir, þar sem engin minnsta tilraun hafi verið gerð til að rökstyðja þá tölulega.

Af hendi stefnda virðist ekki hafa verið hlutazt til um neina rannsókn á slysinu og orsökum þess. Upplýst er í málinu, að í Morgunblaðinu, sem út kom 6. marz 1952, birtist fregn um, að sprenging hefði orðið þá nokkrum dögum áður í umræddu ketilhúsi og að stefnandi hafi meiðzt við sprenginguna. Sama dag fór skoðun öryggiseftirlitsins fram, og kann að vera samband á milli blaðafregnarinnar og skoðunar öryggiseftirlitsins. Opinber rannsókn á vegum lögreglu eða fyrir sakadómi hefur engin verið framkvæmd, svo sem rétt var. Eins og gögnum málsins er háttað, þar skipuðum talsmanni stefnanda að krefjast sakadómsrannsóknar á aðdraganda og atvikum slyssins. Með tilliti til viðbragða

stefnda var þessi rannsókn brýn og nauðsynleg. Reifun málsins af hálfu lögmanns stefnanda er mjög ábótavant. Hann fékk heimilislækni stefnanda, sem er ekki sérfræðingur í taugasjúkdómum, til að áætla örorku stefnanda í stað þess að láta sérfræðing á því sviði skoða stefnanda og lýsa sjúkdómsferli hans rækilega og meta örorkuna. Lögmaður stefnanda ritaði stefnda kröfubréf 6. júlí 1959. Er stefna var birt í málinu 30. marz 1960, hafði lögmaður stefnanda ekkert annað fram að fær af utanaðkomandi gögnum en tvö vottorð heimilislæknisins. Gagnaöflun í málinu hefur verið mjög tætingsleg, og eins og áður er frá greint, skortir verulega á, að reynt hafi verið til hlítar að afla þeirra gagna, sem máli kunna að skipta, sérstaklega að því er varðar ketilinn og umbúnað hans. Að fengnum þeim upplýsingum var rétt að afla álitserðar sérkunnáttumanna um hættueiginleika slíkra tækja, sem hér um ræðir. Þegar málatilbúnaður stefnanda og gagnaöflun er virt í heild, þá þykir ekki verða hjá því komizt að vísa málinu frá dómi, og breytir þar engu um, þó að lögmaður stefnanda hafi með bréfi, dagsettu 25. f. m., óskað þess að leiða nú vitni til vættis um atriði, sem hann taldi sér óskýlt að afla gagna um við hinn munnlega málflutning.

Eftir atvikum þykir rátt, að málskostnaður falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, kr. 50.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Agnari Norland verkfræðingi og dr. Gunnari Guðmundssyni lækni. Hefur dómsuppsagan dregizt um venju fram, m. a. af því að annar meðdómsmaðurinn hefur dvalizt erlendis eftir dómtöku málsins.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00, greiðast úr ríkissjóði.